

- Innflutningur bifreiðar
- Tollverð

Úrskurður nr. 1/1997

Í málinu var deilt um hvaða innkaupsverð ætti að leggja til grundvallar útreikningi tollverðs vegna innflutnings bifreiðar. Ríkistollanefnd staðfesti ákvörðun tollstjóra að við ákvörðun tollverðs skyldi miða við 20.–22. gr. reglugerðar nr. 374/1995 eins og gert var í hinum kærða úrskurði.

Lög nr. 55/1987, 101. gr.

Reglugerð nr. 374/1995, IV. kafli, 2. gr., 2. gr. 2. mgr., 3. gr., 3. gr. 2. mgr., 8. gr., 10. gr., 11. gr., 12. gr., 13. gr., 14. gr., 15. gr., 17. gr., 20. gr., 21. gr., 22. gr.

Með bréfi, dags. 28. nóvember 1996, er barst nefndinni þann 10. janúar 1997, kærir A úrskurð tollstjórans í V, dags. 1. október 1996. Í hinum kærða úrskurði ákvarðar tollstjóri að tollverð á BMW 735i bifreið, fastanúmer I, sem kærandi flutti inn á sendingarnúmeri S DIS 16 07 6 DE BRV 2013 skuli vera ISK 889.057,00. Kærandi gerir kröfu um að innkaupsverð DEM 9.500,00 verði lagt til grundvallar útreikningi tollverðs.

Í kærinni kemur m.a. fram að bifreiðin sé af árgerð 1989 og keypt af kæranda, hjá B í Þýskalandi. Hann kveðst hafa keypt 5 bifreiðar af tengdum aðila fyrir sig og fyrir starfsfélagi. Hann kveðst hafa notið sérstakra kjara þar sem aðili sá sem hann hafi verslað við sé í reynd heildsali, hann kaupir bifreiðarnar af kaupleigufyrirtækjum og selji þær síðan aftur til bílasala sem síðan selji þá til einstaklinga. Auk þessa hafi 15% virðisaukaskattur fengist niðurfelldur. Þá hafi seljandi ekki getað staðfest kílómetra-stöðu og komið sé að hemlaviðgerð á bifreiðinni.

Kærandi kveðst draga í efa upplýsingar tollstjóra um verð þessara bifreiða og telur að ekki sé rétt lesið úr DAT Marktspiegel, sem er handbók yfir innkaups- og söluverð notaðra bifreiða í Þýskalandi. Hann telur verðið í DAT mun lægra en tollstjóri. Þá leggur kærandi fram blað „Der Auto Anzeiger DAZ“ auglýsingatímarit frá bílasölum í Norður-Þýskalandi og bendir þar á 7 bifreiðar sem hann telur sambærilegar við þá bifreið sem hér er fjallað um og telur að verð þeirra sanni að innkaupsverð X sé ekki lægra en markaðsverð í Þýskalandi.

Í hinum kærða úrskurði tollstjórans í V segir meðal annars um búnað bifreiðarinnar að ökmælir sýni 65.584 km, bifreiðin sé búin sjálfskiptingu, aflstýri, hemlum sem læsast ekki, útvarpstæki, sóllúgu, rafknúnum rúðuvindum, sportfelgum og rafmagns-læsingum.

1 2 3

Tollstjóri vitnar til DAT Marktspiegel og telur innkaupsverð bifreiðarinnar ekki trúverðugt og hafnar því. Í nefndri bók er verð á bifreið sömu tegundar, undirtegundar og árgerð, ekin tæplega 100.000 km minna, DEM 17.450,00. Hann bætir 20% við þetta verð vegna þess hversu bifreiðin er lítið ekin. Síðan segir að þegar kaupverð notaðrar bifreiðar sé vefengt skuli fara eftir fyrir-mælum í IV. kafla reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun, sbr. 8. gr. Tollstjóri telji ekki unnt, í máli þessu, að beita ákvæðum 10.–14. gr. nefndrar reglugerðar. Með vísan til tollalaga og 20. og 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun, úrskurðar tollstjóri að tollverð á bifreiðinni X skuli vera ISK 889.057,00 reiknað út frá grunnverði uppgefnu af umboðsmanni þessarar bifreiðategundar hér á landi.

Ríkistollanefnd sendi kærana til umsagnar ríkistollstjóra með bréfi þann 13. janúar 1997. Í kröfugerð hans sem barst nefndinni þann 22. s.m. kemur m.a. fram að tollyfirvöld telji DAT-handbókina vera áreiðanlega heimild um meðaltalsverð notaðra bifreiða í Þýskalandi. Hann bendir á að ríkistollanefnd byggji á sömu sjónarmiðum, sbr. úrskurð hennar nr. 7/1996. Með hliðsjón af þessum sjónarmiðum telji tollyfirvöld að almennt beri innflytjendur sönnunarbyrðina þegar reikningar þyki ótrúverðugir fyrir þær sakir að þeir víki verulega frá viðmiðunarverðum í DAT. Ríkistollstjóri telur að lækka hefði átt viðmiðunarverðið samkvæmt DAT um 2,5% með hliðsjón af fyrsta skráningardegi í útreikningi tollstjóra en það hafi ekki verið gert en það breyti ekki því að verulegur munur sé á reikningsverði og viðmiðunarverði samkvæmt DAT.

Ríkistollstjóri útvegaði sér fyrrnefnt auglýsingarit „DAZ“ og kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé ástæða að draga ályktun af umræddu auglýsingariti þar sem í nokkrum tilfellum sé ekki um sömu týpur að ræða, aðrar árgerðir og takmarkaðar upplýsingar um ýmis þau atriði sem geti haft veruleg áhrif á verðlagningu bifreiðanna.

Þá segir að hversu reynslan sýni að reikningsverð notaðra bifreiða frá Þýskalandi geti verið óáreiðanleg hafi það verið afstaða embættisins þegar verð slíkra bifreiða er vefengt, að ekki sé unnt að fara eftir 10.–14. gr. tollverðsreglugerðarinnar. Með hliðsjón af ofanskráðu krefst ríkistollstjóri þess að um ákvörðun tollverðs bifreiðarinnar X fari eftir reglum 20. og 21. gr. tollverðs-reglugerðarinnar.

Ríkistollanefnd sendi kröfugerð ríkistollstjóra til umsagnar kæranda með bréfi þann 27. janúar 1997. Í svari sem barst nefndinni þann 5. febrúar 1997 ítrekar kærandi fyrri kröfur og til vara að verð bifreiðarinnar verði ákvarðað skv. 17. gr. reglugerðar nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun, og til vara að ákvæði 17. gr. verði virt þannig að miðað sé við lægsta innkaup verð sambærilegrar bifreiðar og til vara að ef nota á verð bifreiðaumboðs þá verði frádregin álagning leiðrétt úr 12 í 25%. Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um mál þetta og kynnt sér gögn þau sem málsaðilar hafa lagt fram. Ástæða þess að málið var svo lengi í meðferð er sú að kærandi sendi ríkistollstjóra kærana í lok nóvember 1996. Hvorki fylgdi kærinni úrskurður tollstjóra né bréf tollstjóra þar sem fjallað er um málið á fyrri stigum og taldi ríkistollstjóri að um almenna stjórnarsýslukæru væri að ræða, þessi misskilningur uppgötvaðist ekki fyrr en 7. janúar sl. og var þá málið sent ríkistollanefnd. Nefndarmenn ákváðu að taka málið til efnislegrar meðferðar þar sem kærufrestur var sannanlega ekki liðinn er kærandi sendi erindið ríkistollstjóra.

Deilt er um tollverð á BMW 735i bifreið árgerð 1989. Kærandi leggur fram reikning yfir innkaupsverð bifreiðarinnar X upp á

DEM 9.500,00 og krefst þess að það verð verði lagt til grundvallar útreikningi tollverðs. Kærandi dregur í efa réttmæti útreiknings tollstjórans og þau viðmiðunarverð sem hann leggur til grundvallar útreikningi tollverðs. Í Þýskalandi er gefin út mánaðarlega „DAT skráin“ (Deutsche Automobil Treuhand) sem er þýsk handbók um verð notaðra bifreiða í Þýskalandi. Nefndarmenn hafa undir höndum ljósrít úr DAT bók frá því í júlí 1996 en þá áttu kaupin á X sér stað. Þar kemur fram að skráð endursöluverð bifreiðar sömu gerðar og hér er verið að fjalla um en ekin 164.000 km er DEM 17.450,00. Bifreiðin X hefur verið ekið samkvæmt ökumæli 65.584 km. Viðmiðunarverð hennar á því að hækka um 16% samkvæmt reiknireglum DAT. Draga á frá 2,5% vegna þess að hún er skráð í janúar. Kaupverð bifreiðarinnar væri því samkvæmt DAT-reiknireglum með virðisaukaskatti DEM 19.736.00

Kærandi leggur fram auglýsingatímarit „DAZ“ til stuðnings máli sínu. Nefndarmenn eru sammála ríkistollstjóra um að í greinargerð sinni sé kærandi ekki að bera saman sömu gerðir (týpur) og árgerðir bifreiða og því ekki á þessum upplýsingum byggjandi.

Í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 374/1995 segir:

„Tollverð innfluttrar vöru er viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hana með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum 3. gr.“

Nefndarmenn telja að það að virðisaukaskattur sé ekki innheimtur við sölu bifreiðarinnar og komið sé að viðhaldi á bremsuhúnaði hennar og að ekki fylgi henni akstursbók skýri ekki þann mikla verðmun sem er á innkaupsverði þessarar bifreiðar og bifreiða sömu gerðar og tilgreindar eru í DAT-skránni. Fram er komið innkaupsverð sem er í engu samræmi við þau viðmiðunarverð sem gefin hafa verið út. Engin trúverðug skýring hefur komið fram í máli þessu sem skýrir þennan mikla mun.

Ríkistollanefnd telur ekki unnt að beita ákvæðum IV. kafla, þ.e. 10. til 14. gr. reglugerðar nr. 374/1995 við ákvörðun tollverðs á þeirri bifreið sem hér er til umfjöllunar.

Í 20. gr. reglugerðarinnar segir: „Við ákvörðun tollverðs skv. 15. gr., þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 2. eða 10.–14. gr., skal tollverð vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá ríkistollstjóra, reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr.“ Í 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995 segir: „Við útreikning tollverðs skv. 20. gr. skal fyrst áætla líklegt FOB-verð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund með þeim hætti að af útsöluverði ökutækisins, skv. bifreiðaskrá ríkistollstjóra, er afreiknaður virðisaukaskattur, álagning seljanda sem skal áætluð 12%, vörugjald, svo og áætluð fjárhæð gjalda þeirra sem innifalin eru í tollverði skv. 2. mgr. 3. gr.“

Í ljósi framanritaðs er það samdóma álit nefndarmanna að við ákvörðun tollverðs ökutækisins X skuli miða við 20.–22. gr. reglugerðar nr. 374/1995 eins og gert er í hinum kærða úrskurði tollstjórans í V.

Með hliðsjón af ofanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum úrskurðar ríkistollanefnd að úrskurður tollstjórans í V, dags. 1. október 1996, um að tollverð á BMW 735i bifreið, fastanúmer X, sem kærandi flutti inn á sendingarnúmeri S DIS 16 07 6 DE BRV 2013 skuli staðfestur.